

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð, 150 Reykjavík.
Sími 545 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Veffang: <http://lagabirting.is>
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa)
ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)
Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.

Nr. 84 96. ár

Föstudaginn 13. júní 2003

Stefna

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Glitnir hf., kt. 511185-0259, Kirkjusandi, 155 Reykjavík.

Stefndu: Hreingerning Chibarra ehf., kt. 470301-3250, Yrsufelli 5, 111 Reykjavík, fyrir-svarsmaður Omar Daudo Chipa, kt. 230162-2049, Bretlandi, Anna Sigurveig Barkardóttir, kt. 180664-5569, Háaleitisbraut 113, 108 Reykjavík og Omar Daudo Chipa, kt. 230162-2049, Bretlandi.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Jón Haukur Hauksson hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndu verði dæmd in solidum til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 404.452 ásamt dráttarvöxtum skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 og III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sérstaklega 1. mgr. 6. gr. af kr. 404.452 frá 21. mars 2002 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi. Auk þess er krafist 24,5% virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Málsatvik og málsástæður: Krafa stefnanda er byggð á bílasamningi (kaupleigusamningi) nr. 608166-001 sem gerður var hinn 14. mars 2001 milli stefnanda og aðalstefnda, Hreingerningar Chiabarra ehf., um eignarleigu (kaupleigu) aðalstefnda á bifreiðinni PB-882 Hyundai Starex, sbr. dómskjal nr. (dskj.) 3. Stefnandi eða starfsmenn hans áttu engan þátt í því hvaða bifreið óskað var fjármögnunar á en þar sem bifreiðin og þáverandi aðstæður aðalstefnda voru taldar fullnægja almennum skilyrðum sem stefnandi hefur sett sér fyrir slíkri fjármögnun, auk þess sem meðstefndu Omar Daudo Chipa og Anna Sigurveig Barkardóttir gengust í sjálf-skuldarábyrgð fyrir efndum samningsins gagnvart stefnanda, var orðið við beiðni og fjármögnunin samþykkt.

Samkvæmt samningnum skyldi greiða mánaðarlegar leigugreiðslur frá og með 1. maí 2001. Samningurinn fór í vanskil á gjalddaga hinn 1. október 2001. Þegar fjórir reglulegir leigugjalddagar höfðu fallið í vanskil og venjubundnum ítrekunum og innheimtutilraunum stefnanda hafði ekki verið sinnt óskað stefnandi eftir aðstoð lögmanns. Innheimtubréf var sent stefnda og einnig ábyrgðarmönnum hinn 10. febrúar 2002, sbr. dskj. 4 - 6 en vanskil voru ekki greidd. Aðalstefnda var sent símskeyti hinn 27. febrúar 2001 með aðvörun um yfirvofandi riftun samningsins vegna vanskila, sbr. dskj. 7. Aðalstefnda var síðan hinn 8. mars 2002 send tilkynning um að samningi aðila hafi verið rift vegna vanskila, sbr. dskj. 8, sem birt var með stefnuvotti.

Bifreiðinni var ekki skilað þrátt fyrir riftun samningsins, áskorun um það og samnings-ákvæði um skyldu til þess eftir riftun samnings og því þurfti lögmaður stefnanda að fara fram á

Auglýsing

um breytingar á deiliskipulagi og á aðalskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 18. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar til kynningar tillögur að breytingum á deiliskipulagsáætlunum og aðalskipulagi í Reykjavík:

Reykjanesbraut/Stekkjarbakki, Smiðjuvegur, mislæg göngutenging (göngubrú).

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Reykjanesbrautar við Mjódd og aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024.

Tillögurnar gera ráð fyrir að í stað þess að göngutenging liggi um gatnamótin verði byggð aðskilin göngubrú yfir Reykjanesbraut, norðan fyrirhugaðra gatnamóta. Breytingin er gerð þar sem hæðarlega tengingarinnar verður betri auk þess sem umferð óvarinna vegfarenda er aðskilin frá bílaumferð.

Nánar um tillögurnar vísast til kynningargagna.

Nauthólsvík, breyting á deiliskipulagi.

Tillaga lýtur að breytingum á deiliskipulagi Nauthólsvíkur.

Tillagan gerir m.a., ráð fyrir að afmörkuð verði lóð og byggingarreitur fyrir veitingahús þar sem núverandi veitingahús stendur (Nauthóll). Við það verður hluti af bílastæðum, sem áður voru almenn stæði, hluti af lóð veitingahússins. Þá gerir tillagan ráð fyrir að byggingarreitur fyrir biðskýli verði minnkaður, almenn bílastæði, næst baðhúsi, breytist í stæði fyrir fatlaða og 40 hjólastæði, lóð fyrir bátanaust er skilgreind og skilmálum breytt. Einnig gerir tillagan ráð fyrir að stígar, lagnir og sjóvarnargarður séu færðir inn á skipulagið í samræmi við framkvæmdir auk þess sem byggingarreitur á svæði D, sem áður var fyrir veitingahús, falli niður og breytist á ný í svæði fyrir leikvöll.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Skildinganes, endurskoðað deiliskipulag.

Tillaga lýtur að endurskoðun á deiliskipulagi Skildinganess sem afmarkast af Einarsnesi, Skildinganesi, Skeljanesi og útivistarsvæði með strandlengju.

Um er að ræða tillögu að endurskoðuðu deiliskipulagi fyrir svæðið sem byggir á eldra skipulagi og þeim húsum og byggðamynstri á svæðinu. Tillagan gerir þó ráð fyrir nokkrum breytingum m.a. á skilmálum svæðisins, m.t.t. fenginnar reynslu, en markmið hennar er að gera þá skilmála skýrari. Þá gerir tillagan jafnframt ráð fyrir breytingum á byggingarreitum og skilmálum nokkurra óbyggðra lóða m.t.t. óska, ábendinga og athugasemda þar um. Tillagan gerir ráð fyrir að lokun á milli Skildingatanga og Skeljatanga haldist auk þess sem unnið hefur verið með gönguleiðir á svæðinu svo eitthvað sé nefnt.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024, breyting á skilgreiningum miðsvæða M5, M6, M8 og skilgreiningu athafnasvæða.

Tillagan lýtur að breytingum á skilgreiningum miðsvæða M5, M6 og skilgreiningu athafnasvæða, og varðar heimildir til reksturs matvöruverslana á þessum svæðum. Þá gerir tillagan ráð fyrir leiðréttingu á orðalagi varðandi miðsvæði M8.

Varðandi miðsvæði M6 gerir tillagan ráð fyrir að sérstaklega verði kveðið á um bann við rekstri matvöruverslana á M6 svæðinu norðvestan Grafarholts, milli Vesturlandsvegur og Grafarholts. Varðandi miðsvæði M5 gerir tillagan ráð fyrir að óheimilt verði að reka matvöruverslanir á þeim svæðum nema það sé sérstaklega leyft í deiliskipulagi. Til að taka af allan vafa um rekstur matvöruverslana á athafnasvæðum, s.s. á athafnasvæðunum í Hálsahverfi, Hádegismóum, Smálöndum og á Gylfaflöt, gerir tillagan ráð fyrir að tekið verði fram í skilgreiningu um athafnasvæði að óheimilt sé að veita leyfi til rekstar nýrra matvöruverslana á þeim. Þá gerir tillagan ráð fyrir að leiðrétt verði villa í skilgreiningu miðsvæðisins M8.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 10.00–16.15, frá 13. júní 2003 til 25. júlí 2003. Einnig má sjá tillögur á heimasíðu sviðsins, skipbygg.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við þær skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eigi síðar en 25. júlí 2003.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 5. júní 2003.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur.

Tilkynning um breytingar á samþykktum fyrir lífeyrissjóði

Það tilkynnist með vísan til 28. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, að fjármálaráðherra hefur staðfest breytingar á samþykktum eftirgreindra lífeyrissjóða:

- Lífeyrissjóður lækna, dags. 26. ágúst 2002.
- Lífeyrissjóðurinn Lífiðn, dags. 29. ágúst 2002.
- Lífeyrissjóður Vestfirðinga, dags. 29. ágúst 2002.
- Samvinnulífeyrissjóðurinn, dags. 12. september 2002.
- Frjálsi lífeyrissjóðurinn, dags. 19. september 2002.
- Lífeyrissjóður Rangæinga, dags. 24. október 2002.
- Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðjunnar, dags. 18. nóvember 2002.
- Lífeyrissjóður Vestmannaeyja, dags. 25. nóvember 2002.
- Séreignalífeyrissjóðurinn, dags. 18. desember 2002.
- Almenni lífeyrissjóðurinn, dags. 24. febrúar 2003.
- Lífeyrissjóður arkitekta og tæknifræðinga, dags. 24. febrúar 2003.
- Lífeyrissjóður bænda, dags. 3. mars 2003.
- Lífeyrissjóður lækna, dags. 28. apríl 2003.
- Lífeyrissjóður Rangæinga, dags. 4. júní 2003.

Fjármálaráðuneytinu, 4. júní 2003.

6835)

Auglýsing um deiliskipulag

Með vísan í 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er auglýst eftir athugasemdum við deiliskipulagstillögu, frístundarbyggð við Stykkishólmi.

Deiliskipulagið nær til reits sem afmarkast af svæðinu vestan við Birgisborg. Uppdráttur ásamt frekari upplýsingum liggur frammi í Ráðhúsinu í Stykkishólmi, Hafnargötu 3, frá og með 13. júní nk. til 11. júlí 2003.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum er til 25. júlí 2003.

Athugasemdir ef einhverjar eru skulu vera skriflegar og berast í Ráðhúsið í Stykkishólmi, Hafnargötu 3.

Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkur henni.

Skipulags- og byggingarfulltrúi í Stykkishólmi.

7034)

Auglýsing um skipulagsbreytingar í Garðabæ

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Garðabæjar og með vísan til 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á skipulagi í Garðabæ.

Breyting á skipulagsskilmálum við Iðnbúð og Smiðsbúð.

Tillaga að breytingu á skipulagsskilmálum fyrir iðnaðar- og verslunarlóðir við Iðnbúð og Smiðsbúð. Í breytingunni felst m.a. að íbúðir verða heimilaðar í hverfinu að uppfylltum skilyrðum sem tiltekin eru í skipulagsskilmálum.

Breyting á skipulagi við Hæðarbyggð 27.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi við Hæðarbyggð 27. Í breytingunni felst m.a. að heimilað verður að breyta einbýlishúsi sem fyrir er á lóðinni í tvíbýlishús.

Tillögurnar liggja frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7 frá 13. júní 2003 til og með 11. júlí 2003. Athugasemdum við ofangreindar tillögur skal skila á bæjarskrifstofur Garðabæjar fyrir 26. júlí 2003 og skulu þær vera skriflegar. Tillögurnar verða jafnframt auglýstar á heimasíðu Garðabæjar <http://www.gardabaer.is>.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast vera samþykkir tillögunum

Skipulagsfulltrúi Garðabæjar.

7035)

vörslutökubeiðni, sbr. dskj. 9. til að láta sækja bifreiðina til stefnda. Það var gert hinn 21. mars 2002 þegar hið leigða tæki, bifreiðin PB-882, var tekin í vörslur stefnanda. Samkvæmt samningsákvæðum er sá dagur, þegar stefnandi fær umráð hins leigða tækis, viðmiðunardagur við uppgjör samningsins.

Bifreiðin var sett í ástandsskoðun hjá Frumherja hf. þar sem jafnframt var gerð kostnaðar-

áætlun vegna athugasemda sem fram komu. Að teknu tilliti til þessara upplýsinga var gert mat á áætlðu söluverði og síðan gert yfirlit yfir stöðu á samningi aðila, sbr. dskj. 10. Í yfirliti þessu kemur fram að gert er ráð fyrir að söluverð bifreiðarinnar sé áætlað 1.070.000 kr., að viðgerðarkostnaður sé 137.729 kr., að lækkun vegna aksturs nemi 31.426 kr., að sölukostnaður nemi 52.051 kr. og að lögfræðikostnaður nemi 53.112

kr., þannig að 795.682 kr. mundu greiðast inn á samninginn til lækkunar samningsfjárhæðinni, sbr. dskj. 10. Stefnda var tilkynnt um þetta matsverð tækisins með bréfi dags. 2. mars 2002, sbr. dskj. 11. Um leið var honum gefinn kostur á að mótmæla matsverðinu.

Stefndi gerði engar athugasemdir við framangreint matsverð og þar með lauk afskiptum lögmanns stefnanda af málinu, enda innheimtu-aðgerðum lokið með því að hið leigða tæki var komið í vörslur stefnanda og matsverð staðfest.

Stefnandi gerði í framhaldi þessa uppgjörsyfirlit yfir samning aðila, sbr. dskj. 12 og óskaði eftir lögmannsaðstoð við innheimtu þess. Í uppgjörsyfirlitinu kemur fram að eftirstöðvar skuldar stefnda við stefnanda eru 404.452,40 kr. að teknu tilliti til matsverðs hins leigða tækis. Á nefndu uppgjörsyfirliti eru listaðar upp 7 greiðslur sem til samans mynda heildarvanskil stefnda við stefnanda. Flestar þessar greiðslur eru með gjalddaga hinn 1. hvers mánaðar og eru hinir reglubundnu gjalddagar eignarleigusamningsins. Auk þess sem samningurinn er gjaldfelldur hinn 21. mars 2002. Í samræmi við samning aðila er tilkynnt matsverð dregið frá þessum heildarvanskilum og dráttarvaxta krafist frá 21. mars 2002, sem var sá dagur þegar stefnandi fékk formlegar vörslur tækisins frá stefndu. Hinn 14. ágúst 2002 var stefnda sem og ábyrgðarmönnum sent innheimtubréf vegna þessara eftirstöðva skuldarinnar, sbr. dskj. 13 og 14, en því hefur ekki verið sinnt.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Auk þess er málið höfðað til þess að fá stefndu Önnu Sigurveigu Barkardóttur og Omar Daudo Chipa dæmd til þess að greiða ábyrgðarskuld sína að fullu í samræmi við sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingu sína.

Samkvæmt skráningu í þjóðskrá er stefndi Omar Daudo Chipa fluttur til Bretlands en ekki er vitað hvert aðsetur hans er þar. Því er nauðsynlegt að birta stefnu í Lögbirtingablaði.

Lagatilvísanir: Vísað er til meginreglu kröfuréttarins um efndir fjárskuldbindinga, en regla þessi fær meðal annars lagastoð í 5., 6. og 28. gr. eldri laga um lausafjárkaup nr. 39/1922 og í 45., 46. og 47. gr. nógildandi laga um lausafjárkaup nr. 50/2000. Um gjalddaga kröfunnar og greiðslustað er einkum vísað til meginreglu 12. gr. laga nr. 39/1922 og til 48. og 49. gr. laga nr. 50/2000. Þá er einnig vísað til meginreglna samninga- og kröfuréttarins um vanefndaúrræði kröfuhafa og til almennra reglna kröfuréttarins um ábyrgð sjálfskuldarábyrgðarmanns. Auk þess er vísað til ítarlegra ákvæða í eignarleigusamningi aðila, sem lagður er fram sem dskj. 3. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 og við III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sérstaklega 1. mgr. 6. gr. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu. Varðandi varnarþing vísast til 32. gr. laga nr. 91/1991. Um birtingu í Lögbirtingablaði vísast til 89. gr 1. mgr. a laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Kaupleigusamning nr. 608166-001 útg. 14. mars 2000.
- 4.- 6. Innheimtubréf, dags. 10. febrúar 2002.
7. Símskeyti, aðvörun um riftun, sent 27. febrúar 2002.

8. Tilkyningu um riftun, dags. 8. mars 2002, ásamt birtingarvottorði.
9. Vörslutökubeiðni, dags. 18. mars 2002.
10. Yfirlit yfir samning aðila, dags. 16. apríl 2002.
11. Tilkyningu um matsverð, dags. 24. mars 2002, ásamt birtingarvottorði.
12. Uppgjörsyfirlit yfir samning aðila, dags. 27. maí 2002.
- 13.-14. Innheimtubréf vegna eftirstöðva samnings, dags. 14. júní 2002.
15. Yfirlit frá hlutafélagaskrá yfir stjórn aðalstefnda.
16. Yfirlit frá hlutafélagaskrá, dags. 22. maí 2003.
17. Málskostnaðarreikning.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til undirritaðs umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, hinn 2. september 2003 kl. 10.00, og svara þar til sakar, taka til varna og leggja fram gögn af sinni hálfu. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu og/eða fyrirsvarsmanna stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins má búast við að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar án frekari fyrirvara gagnvart stefndu með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Akranesi, 21. maí 2003.
F.h. stefnanda,
Jón Haukur Hauksson hdl.

(6537

Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Vestfjarða, upp-
kveðnum 14. maí 2003, voru neðangreind bú
tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undir-
ritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúunum.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreind-
ur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús: Fagrimúli ehf. kt. 510298-2419 Hellisbraut 30 Reykholahreppi	Frestdagur: 12. febrúar 2003	Skiptafundur: mánudaginn 8. sept. 2003 kl. 11.00
(6477 a		
Vesturljós ehf. kt. 430797-2129 Túngötu 18 Patreksfirði	12. febrúar 2003	mánudaginn 8. sept. 2003 kl. 10.00
(6478 a		

Hér með er skorað á alla þá sem telja til
skulda eða annarra réttinda á hendur framan-
greindum þrotabúum, eða eigna í umráðum
þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum
skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birt-
ingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að
Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði.

Skiptafundir til að fjalla um skrár um lýstar
kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum
þrotabúanna, verða haldnir á skrifstofu skipta-
stjóra að Hafnarstræti 1, Ísafirði á ofangreindum
tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búunum verður
skiptum lokið á skiptafundunum með vísan til
155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti
o.fl., að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Skrá yfir lýstar kröfur í viðkomandi þrotabú
mun liggja frammi á skrifstofu undirritaðs
skiptastjóra, síðustu viku fyrir skiptafundina.

Ísafirði, 16. maí 2003.
Tryggvi Guðmundsson hdl.,
skiptastjóri.

Nauðungarsölur

Akranes

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Stíllholti 16-18, Akranesi, fimmtudaginn 17. júlí 2003 kl. 14.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Bárugata 22, fastanúmer 210-2401	Hallgrímur Guðjón Sigurðsson	Akraneskaupstaður	64.556
Einigrund 15, fastanúmer 210-2622	Einar Jónsson og María Pálsdóttir	Íbúðalánasjóður	404.956
Einigrund 9, hluti 0201, fastanúmer 210-2622	Lára Hagalín Björgvins-dóttir og Garðar Jónsson	Íbúðalánasjóður	189.070
Grenigrund 43, fastanúmer 210-3074	Gunnar Rúnar Gunnarsson og Marta Ester Einarsdóttir	Íbúðalánasjóður	204.511
Jörundarholt 26	Hjörleifur Jónsson	Íbúðalánasjóður	379.982
Skarðsbraut 3, hluti 0102, fastanúmer 210-0708	Bryndís Guðmundsdóttir	Lífeyrissjóður verslunarmanna	112.096
Steinsstaðsflöt 8, fastanúmer 225-4359	Halldór Ólafsson	Íbúðalánasjóður	338.810
Stíllholt 15, íbúð 0101 og bílskúr, fastanúmer 210-0373	Ingólfur Valdimarsson og Guðný Sjöfn Sigurðardóttir	Íbúðalánasjóður	165.436

Akranesi, 28. maí 2003.
Sýslumaðurinn á Akranesi,
Ólafur Þ. Hauksson.

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands, upp-
kveðnum 12. maí 2003, var bú Sveinbjörns
Imsland, kt. 170462-4249, Fiskhóli 11, Höfn
tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undir-
rituð skipuð skiptastjóri í þrotabúinu. Frestdagur
við gjaldþrotaskiptin er 11. mars 2003.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til
skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu,
eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum
fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja
mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.
Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að
Skeifunni 11a, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til þess að fjalla um skrá yfir lýst-
ar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bús-
ins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að
Skeifunni 11a, fimmtudaginn 4. september 2003,
kl. 11.00. Komi ekkert fram um eignir í búinu mun
skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til
155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á
skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skipta-
fundinn.

Reykjavík, 23. maí 2003.
Ragnheiður Bragadóttir hdl.,
skiptastjóri.

(6531 a

Á hluthafafundi í einkahlutafélaginu J.S. Ýlir
ehf., kt. 550196-2129, sem haldinn var mánu-
daginn 10. apríl 2003, var samþykkt að slíta
félaginu. Í skilanefnd voru kjörnir Sigurður Páll
Hauksson, kt. 120768-5149, endurskoðandi,
Víðihlíð 8, 550 Sauðárkróki og Sigurður

Friðriksson, kt. 050852-2029, Hvanneyrarbraut
52, 580 Siglufirði og hafa þeir fengið löggild-
ingu til starfans.

Hér með er, skv. 87. gr. laga nr. 138/1994 um
einkahlutafélög, skorað á alla þá sem telja til
skulda eða annarra réttinda hjá félaginu eða telja
til eigna í vörslu þess að lýsa kröfum sínum
innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar
innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skila-
nefnd og skulu berast til Deloitte & Touche,
Aðalgötu 34, 580 Siglufirði.

Skilanefnd hefur ákveðið að boða lánar-
drottna og hluthafa félagsins til fundar að Aðal-
götu 34, 3. hæð, á Siglufirði, sem haldinn verður
mánudaginn 8. september 2003 kl. 14.00.

Siglufirði, 22. maí 2003.
F.h. skilanefndar J.S. Ýlis ehf.,
Sigurður Páll Hauksson.

(6536 a

Með úrskurði héraðsdóms Vestfjarða, upp-
kveðnum 14. maí 2003, var bú Meira ehf., kt.
650400-2080, Suðurgötu 12, Ísafjarðarbæ, tekið
til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður
skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Frestdagur
við gjaldþrotaskiptin er 2. apríl 2003.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til
skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu
eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum
fyrir undirrituðum skiptastjóra í þrotabúinu
innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar
innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skipta-
stjóra, að Strandgötu 29, 600 Akureyri.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar

Húsbréf

Þrítugasti og fyrsti útdráttur í 1. flokki húsbréfa 1995

Innlausnardagur 15. júlí 2003

5.000.000 kr. bréf

Að þessu sinni voru engin 5.000.000 kr. bréf dregin út.

1.000.000 kr. bréf

95120132	95120370	95121583	95122227	95123357	95123775	95124271	95124767	95125127	95125416
95120135	95120432	95121635	95122429	95123380	95123890	95124279	95124769	95125133	95125429
95120188	95120545	95121665	95122527	95123389	95123923	95124294	95124815	95125206	95125480
95120199	95120844	95121885	95122800	95123466	95123986	95124408	95124866	95125222	95125519
95120223	95120979	95121957	95122871	95123483	95123996	95124451	95125016	95125316	95125701
95120247	95121228	95122189	95123027	95123542	95124134	95124703	95125040	95125355	95125735
95120340	95121404	95122192	95123096	95123646	95124228	95124740	95125075	95125380	

100.000 kr. bréf

95150447	95151045	95152711	95154395	95155693	95157743	95158515	95159339	95159898	95160582	95160929
95150507	95151185	95152747	95154883	95156129	95157848	95158580	95159447	95159916	95160585	
95150596	95151340	95153417	95154917	95156349	95158211	95158698	95159470	95160090	95160649	
95150623	95151368	95153893	95155103	95157002	95158315	95158864	95159644	95160146	95160720	
95150766	95151606	95154205	95155585	95157182	95158353	95159127	95159788	95160491	95160850	
95150833	95152430	95154355	95155589	95157588	95158474	95159274	95159857	95160533	95160901	

10.000 kr. bréf

95170745	95171396	95172801	95174660	95175920	95178230	95179171	95179885	95180435	95181134	
95170748	95171437	95172897	95175225	95176445	95178385	95179198	95179955	95180461	95181169	
95170907	95171545	95173489	95175256	95176646	95178951	95179282	95180046	95180502	95181171	
95170940	95171598	95174012	95175331	95177477	95179045	95179347	95180051	95180657	95181253	
95170988	95171809	95174469	95175865	95177607	95179046	95179523	95180261	95180701		
95171043	95172542	95174569	95175876	95178009	95179053	95179717	95180357	95181083		

Yfirlit yfir óinnleyst húsbréf:

	(1. útdráttur, 15/01 1996)
10.000 kr.	Innlausnarverð 10.645,- 95171398
	(2. útdráttur, 15/04 1996)
100.000 kr.	Innlausnarverð 108.477,- 95155221
10.000 kr.	Innlausnarverð 10.848,- 95173515 95179474
	(3. útdráttur, 15/07 1996)
1.000.000 kr.	Innlausnarverð 1.105.028,- 95122544
100.000 kr.	Innlausnarverð 110.503,- 95159268
10.000 kr.	Innlausnarverð 11.050,- 95179974 95180587
	(4. útdráttur, 15/10 1996)
10.000 kr.	Innlausnarverð 11.288,- 95179095 95179473
	(5. útdráttur, 15/01 1997)
1.000.000 kr.	Innlausnarverð 1.138.099,- 95121281
1.000.000 kr.	Innlausnarverð 1.155.315,- 95122540
	(8. útdráttur, 15/10 1997)
100.000 kr.	Innlausnarverð 120.157,- 95158015
10.000 kr.	Innlausnarverð 12.016,- 95175227
	(9. útdráttur, 15/01 1998)
1.000.000 kr.	Innlausnarverð 1.216.267,- 95120383
10.000 kr.	Innlausnarverð 12.163,- 95174921
	(10. útdráttur, 15/04 1998)
100.000 kr.	Innlausnarverð 123.905,- 95159391
	(11. útdráttur, 15/07 1998)
10.000 kr.	Innlausnarverð 12.625,- 95172763
	(12. útdráttur, 15/10 1998)
10.000 kr.	Innlausnarverð 12.688,- 95178597

	(13. útdráttur, 15/01 1999)
10.000 kr.	Innlausnarverð 12.900,- 95179975
	(14. útdráttur, 15/04 1999)
10.000 kr.	Innlausnarverð 13.173,- 95181262
	(16. útdráttur, 15/10 1999)
100.000 kr.	Innlausnarverð 139.466,- 95159270
	(17. útdráttur, 15/01 2000)
10.000 kr.	Innlausnarverð 14.273,- 95173684
	(21. útdráttur, 15/01 2001)
100.000 kr.	Innlausnarverð 155.718,- 95159249
10.000 kr.	Innlausnarverð 15.572,- 95173687
	(22. útdráttur, 15/04 2001)
100.000 kr.	Innlausnarverð 159.035,- 95159250
10.000 kr.	Innlausnarverð 15.904,- 95171360
	(24. útdráttur, 15/10 2001)
100.000 kr.	Innlausnarverð 172.588,- 95156523 95159267
	(25. útdráttur, 15/01 2002)
1.000.000 kr.	Innlausnarv. 1.771.775,- 95125279
100.000 kr.	Innlausnarverð 177.177,- 95155377 95159389
10.000 kr.	Innlausnarverð 17.718,- 95177095 95179094
	(26. útdráttur, 15/04 2002)
100.000 kr.	Innlausnarverð 181.106,- 95155378 95157158 95155379
10.000 kr.	Innlausnarverð 18.111,- 95172767 95179773

	(27. útdráttur, 15/07 2002)
1.000.000 kr.	Innlausnarverð 1.840.562,- 95121715 95122542 95125013
100.000 kr.	Innlausnarverð 184.056,- 95155166
10.000 kr.	Innlausnarverð 18.406,- 95176601
	(28. útdráttur, 15/10 2002)
100.000 kr.	Innlausnarverð 186.289,- 95153663 95160134
10.000 kr.	Innlausnarverð 18.629,- 95175828 95176838 95179772
	(29. útdráttur, 15/01 2003)
100.000 kr.	Innlausnarverð 189.319,- 95151902 95159194
10.000 kr.	Innlausnarverð 18.932,- 95171403 95177257
	(30. útdráttur, 15/04 2003)
1.000.000 kr.	Innlausnarverð 1.939.109,- 95125510
100.000 kr.	Innlausnarverð 193.911,- 95151966 95155164 95156320 95154001 95155884 95159522 95154075 95156319
10.000 kr.	Innlausnarverð 19.391,- 95170749 95175349 95180782 95172343 95177105 95174235 95179758

Útdregin óinnleyst húsbréf bera hvorki vexti né verðbætur frá innlausnardeg. Því er áriðandi fyrir eigendur þeirra að innleysa þau nú þegar og koma andvirði þeirra í arðbæra ávöxtun. Húsbréf eru innleyst í öllum bönkum, spari-sjóðum og verðbréfafyrirtækjum.



Íbúðalánasjóður

Borgartúni 21 - 105 Reykjavík - Sími 569 6900 - Fax 569 6800

kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bú-
ins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að
Strandgötu 29, Akureyri, þriðjudaginn 16.
september 2003 kl. 14.00.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður
skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til
155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á
skrifstofu skiptastjóra að Strandgötu 29, Akur-
eyri, síðustu viku fyrir boðaðan skiptafund.

Akureyri, 26. maí 2003.
Gunnar Sólnes hrl.

(6564 a

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands upp-
kveðnum þann 15. maí 2003 var bú Ágústs
Walterssonar, kt. 090350-3669, Lyngbergi 5,
Þorlákshöfn tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 12. mars
2003.

Hér með er skorað á alla þá er telja til skulda
og annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja
til eigna í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum
fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan
tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar
þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar til skrif-
stofu skiptastjóra að Austurvegi 6, 800 Selfossi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar
kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum
búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að
Austurvegi 6, Selfossi 22. ágúst kl. 9.00. Skrá
yfir lýstar kröfur mun liggja frammi á sama stað
síðustu vikuna fyrir skiptafund.

Selfossi, 2. júní 2003.
Guðjón Ægir Sigurjónsson hdl.

(6833 a

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur,
uppkveðnum 25. apríl 2003, voru neðangreind
bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var
undirrituð skipuð skiptastjóri í þrotabúunum.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreind-
ur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús: Bygginga- meistarinn ehf. kt. 660293-2729 Súðarvogi 26 Reykjavík	Frestdagur: 24. janúar 2003	Skiptafundur: föstudaginn 29. ágúst 2003 kl. 9.00
		(6837 a
Darklight Reykjavík ehf. kt. 450298-2129 Dugguvogi 6 Reykjavík	9. apríl 2003	föstudaginn 29. ágúst 2003 kl. 9.30
		(6838 a
Hjördís Björk Magnúsdóttir kt. 071066-3049 Brúnastöðum 51 Reykjavík	9. apríl 2003	föstudaginn 29. ágúst 2003 kl. 10.00
		(6839 a

Hróðný Mjöll Tryggvadóttir kt. 251074-5269 Maríubaugi 137 Reykjavík	20. febrúar 2003	föstudaginn 29. ágúst 2003 kl. 10.30
		(6840 a
Stefán Arngrímsson kt. 090860-2919 Tunguseli 1 Reykjavík	9. janúar 2003	föstudaginn 29. ágúst 2003 kl. 11.00
		(6841 a

Hér með er skorað á alla þá sem telja til
skulda eða annarra réttinda á hendur framan-
greindum þrotabúum, eða eigna í umráðum
þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum
skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri
birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að
Lágmúla 5, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúanna, verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Lágmúla 5, Reykjavík á ofangreindum tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búunum verður skiptum lokið á skiptafundunum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Skrá yfir lýstar kröfur í viðkomandi þrotabú mun liggja frammi á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra, síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 30. maí 2003.
Eyvindur G. Gunnarsson hdl.,
skiptastjóri.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-
kveðnum 23. maí 2003, var dánarbú Sveinbjörns
Kristmundssonar, kt. 040151-4439, sem síðast
var til heimilis að Krummahólum 2, Reykjavík,
og lést 3. mars 2003, tekið til opinberra skipta.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til
skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða
telja til muna í vörslum þess, að lýsa kröfum sín-
um fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja
mánaða frá fyrri birtingu auglýsingar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra í
pósthólf 1224, 121 Reykjavík.

Reykjavík, 3. júní 2003.
Bergsteinn Georgsson hdl.,
skiptastjóri.

(6851 a

